

Ed.

159. Breytingartillaga

[41. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 6. gr. í stað 1. málsg. komi tvær málsgreinar, svo hljóðandi:

Heimilt er að breyta afurðaverði til framleiðenda — og þar með söluverði landbúnaðarvara — ársfjórðungslega frá 1. desember, 1. marz og 1. júní vegna hækkunar á kaupum, svarandi til þess, að laun bónda og verkafólks hans í verðlagsgrundvelli landbúnaðarvara séu færð til samræmis við þá hækkun, sem kann að hafa orðið á kaupum í almennri verkamannavinnu í Reykjavík á undangengnu þriggja mánaða tímabili.

Nú telur framleiðsluráð landbúnaðarins rétt að nota heimild til verðbreytingar samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar, og skal það þá án tafar tilkynna báðum nefndarhlutum sex manna nefndar áform sitt í því efni. Getur þá hvor nefndarhluti sex manna nefndar krafizt þess, að nefndin taki málið til meðferðar og ákvörðunar og að því verði skotið til yfirnefndar til fullnaðarúrskurðar samkvæmt 3. málsg. 3. gr., ef sex manna nefnd verður ekki sammála um afgreiðslu þess.